

LÖG

um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um dráttarvexti.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Um breytingu á lögum nr. 39 19. júní 1922, um lausafjárkaup.

1. gr.

38. gr. laganna orðast svo:

Um skyldu til að greiða vexti af kaupverðinu og öðrum greiðslum, sem ekki eru greiddar á gjalddaga, fer eftir ákvæðum laga um vexti.

II. KAFLI

Um breytingu á víxillögum, nr. 93 19. júní 1933, sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 54 18. maí 1965 um breytingu á þeim lögum.

2. gr.

2. tölul. 1. mgr. 48. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 54/1965, orðast svo:
Dráttarvaxta frá gjalddaga samkvæmt lögum um vexti.

3. gr.

2. tölul. 49. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 54/1965, orðast svo:
Dráttarvaxta samkvæmt lögum um vexti af fjárhæð þeirri, er 1. tölul. greinir, frá þeim degi er hann greiddi hana.

III. KAFLI

Um breytingu á tékkalögum, nr. 94 19. júní 1933, sbr. lög nr. 55 18. maí 1965 um breytingu á þeim lögum.

4. gr.

2. tölul. 45. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 55/1965, orðast svo:
Dráttarvaxta samkvæmt lögum um vexti af þeirri fjárhæð frá sýningardegi.

5. gr.

2. tölul. 46. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 55/1965, orðast svo:
Dráttarvaxta samkvæmt lögum um vexti af fjárhæð þeirri frá þeim degi er hann greiddi hana.

IV. KAFLI

Um breytingu á lögum nr. 55 9. júní 1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda.

6. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Verði dráttur á greiðslu iðgjalda samkvæmt lögum þessum skal skuldari greiða dráttarvexti af skuldinni frá gjalddaga samkvæmt lögum um vexti.

V. KAFLI

Um breytingu á lögum nr. 20 8. mars 1954, um váttryggingarsamninga.

7. gr.

3. mgr. 24. gr. laganna orðast svo:

Félagið skal greiða vexti af fjárhæðinni frá gjalddaga í samræmi við ákvæði laga um vexti.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 27. mars 1987.***Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Matthías Bjarnason.***LÖG****um breytingu á lögum um stjórn og starfrækslu póst- og símamála, nr. 36/1977.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Samgönguráðherra fer með yfirstjórn póst-, síma- og annarra fjarskiptamála.

2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Póst- og símamálastofnun er sjálfstæð stofnun sem fer með framkvæmd póst- og símamála samkvæmt lögum þessum og öðrum lögum og reglum sem gilda um póstmál og fjarskipti.

3. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Starfsemi Póst- og símamálastofnunar greinist í meginatriðum í stjórnunarhluta og rekstrarhluta.

Stjórnunarhluti stofnunarinnar skiptist í aðalsvið.

Rekstrarhluti stofnunarinnar skiptist í póst- og símaumdæmi.

Hverju aðalsviði stjórnar framkvæmdastjóri, en umdæmisstjóri hverju umdæmi.

4. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Framkvæmdastjórar aðalsviða vinna að stefnumörkun í störfum stofnunarinnar, áætlanagerð, eftirliti, almennum fyrirmælum og öðrum heildarstefnumálum.